



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ORÐSPOR
ÍSLE2OS05
Kennsluáætlun – vorönn 2019

Kennarar áfangans:

Gísli Skúlason (GK)

Jón Özur Snorrason (JÖZ)

Katrín Tryggvadóttir (KT)

Stefán Hannesson (SH).

Áfangalýsing:

„Af máli má manninn þekkja“ og því skiptir máli að vanda mál sitt. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Verkefni eru bæði skrifleg og munnleg.

Forkröfur: Lágmark B á grunnskólaprófi eða ÍSLE1DE05/ÍSLE1MR05

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum nytjatexta
- margs konar málsniði

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalaus máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

Kennslubækur og kennslugögn

- Efni frá kennara.
- *Sumarljós og svo kemur nóttin* eftir Jón Kalman Stefánsson.

Kröfur og verkefnaskil

- Lokapróf er í áfanganum en hægt er að sleppa því með því að ná 7 í vetrareinkunn.
- Ætlast er til að nemendur búi sig vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum kallar það á aukna heimavinnu viðkomandi.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil.
- Allir nemendur eru skráðir í Innu og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu.
- Símanotkun í tímum er leyfð til að leita upplýsinga í tengslum við námið. Símar eru ekki ritvinnslutæki og því ekki nothæfir í ritunarbætti verkefna.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Námsmat áfangans

VERKEFNI	VÆGI (í vetrareinkunn)	REGLUR ÁFANGANS
Málfarsverkefni 1-3	15%	Áfanganum lýkur með lokaprófi en hægt er að vinna sig frá því. Lokaprófið er úr öllu námsefni áfangans og gildir 50% af lokaeinkunn. Nái nemandi 7 að meðaltali í vetrareinkunn má hann sleppa við lokapróf.
Málfarspróf úr verkefnum 1-3	15%	
Sumarljós, próf og verkefni	25%	
Rökfærsluritgerð	15%	
Atvinnuumsókn og viðtal	10%	
Ræða	10%	
Ýmis verkefni	10%	

ORÐSPOR – VINNUÁÆTLUN VORÖNN 2019

Vika	Dags.	Verkefnavinna
2	7. – 11. jan	Kynning á áfanga; helstu verkefni, heimavinna og tímavinna. Verkefni 1.
3	14. – 18. jan	Verkefni 2. Nemendur lesa Sumarljós heima.
4	21. – 25. jan	Verkefni 3. Nemendur lesa Sumarljós heima.
5	28.jan – 1.feb	MÁLFARSPRÓF. Próf 1 úr Sumarljósum , bls. 7-85. Verkefni úr sögunni.
	4. – 8. feb	Próf 2 úr Sumarljósum , bls. 86-147. Verkefni úr sögunni.
7	11. – 15. feb	Próf 3 úr Sumarljósum , bls. 148-197. Verkefni úr sögunni.
8	18. – 22. feb Kátir dagar.	Sumarljós, verkefni að loknum lestri.
9	25. feb. – 1. mars	Sumarljós, verkefni að loknum lestri.
10	4. – 8. mars	Rökfærsluritgerð. Kennsla í ritgerðasmíð.
11	11. – 15. mars	Rökfærsluritgerð skilað í vikunni. Viðtöl um ritgerðir, endurbætur.
12	18. – 22. mars	Atvinnuumsókn og starfsviðtal.
13	25. – 29. mars	Atvinnuumsókn lokið og skilað.
14	1. – 5. apríl	Ræða samin, tjáning og framsögn.
15	8. – 12. apríl	Flutningur á ræðum.
16	15. – 19. apríl	Páskafrí.
17	24./ 26. apríl	Ýmis verkefni. Hagnýt skrif, skapandi skrif og tjáning.
18	29. apríl – 3. maí	Ýmis verkefni. Hagnýt skrif, skapandi skrif og tjáning.
19	6.-10. maí	Lokapróf undirbúið.

Gert með fyrirvara um breytingar.
FSu., 4. janúar 2019.

Íslenskukennarar.